



Fjallalambi 30.08.2021

Sælir bændur,

Sendi ykkur hér nokkrar upplýsingar fyrir sláturtíð.

Eins og þið vitið þá munum við hefja slátrun þann 15. september. Breyttar sóttvarnarreglur á landamærum og Covid staða Íslands hafa haft mikil áhrif á þá sem vilja koma erlendis frá í sláturtíð og hafa nokkrir hætt við. En endilega ef þið vitið um gott starfsfólk á lausu að láta mig vita.

Reiknum með að hefja sláturtíð með svipuðum hætti og venjulega.

Á heimasíðunni okkar og innleggjendasíðunni á facebook finnið þið afurðaverð til bænda.

Einnig fylgir þessu bréfi verðskrá fyrir vörur og þjónustu.

Að mínu mati þá eigum við að halda í þessa þjónustu og styðja frekar við þá sem vilja fara í vinnslu á sínum eigin afurðum heldur en að vinna gegn þeim. Fjallalamb var stofnað sem þjónustuaðili við framleiðendur á svæðinu og við eigum að halda því áfram. Það er styrkur okkar og ykkar sem framleiðendur á svæðinu að geta gengið að slíkri þjónustu.

Mikil vinna hefur farið í það að reyna að koma skrokkum á Kínamarkað. Þetta er nú búið að taka um þrjú ár og yfirleitt finnst mér málin ekki þokast neitt. Samningar eru erfiðir og snúast oftast en ekki um verð. Til þess að hefja þessi viðskipti þurfum við að lágmarki að ná innanlandsverði fyrir kjötið því annars verður þetta ekki tryggur markaður til framtíðar. En vonandi skýrist þetta betur þegar nær dregur sláturtíð.

Við höfum ákveðið að heimila bændum að framvísa sínu fé ef þeir vilja það. Annars munum við gera það fyrir ykkur. Notaður verður sami inngangur inn í rétt og verið hefur. Þeir bændur sem vilja framvísa sínu fé þurfa að vera með grímu og ekki er heimilt að ganga um aðra innganga í fyrirtækinu. Vigtarseðill verður síðan sendur í tölvupósti eins og síðasta ár.

Ætla svo að reyna að koma sláturfjárátun frá mér fyrir helgi.

Kveðja Víkingur



Verðskrá til innleggjenda. frá og með slátturtíð 2021

	Gildir frá 15 sept.2021			
Sögun skrokka		Verð án vsk		
	Skrokkar úr Fjallalambsbirgðum	970	pr.skrokk	
8021	Sögun skrokka úr eigin birgðum	1.680	Pr.skrokk	
ATH	Sögunarbeiðnir verða að berast í tölvupósti arna@fjallalamb.is .			
Ekki verður afgreitt eða sagað kjöt úr eigin birgðum fyrr en eftir 1.november.				
Geymum hámark 15 skrokka í eigin birgðum. Skrokkar umfram það verður að taka heim ekki seinna en 3 dögum eftir sláttun 7 parta sagaðir				
ATH.	Innifalið í sögunargjaldi á eigin birgðum eru umbúðir og geymslugjöld.			
	Ef bændur taka umfram 50 skrokka heim í eigin birgðum er hægt að semja um lægri slátturkostnað ef hagræðing næst í sláttun, afgreiðslu eða umbúðum.			
Sláttun á heimtöku				
	Fjallalambsbirgðir lömb.	205	pr.kg	
	Eigin birgðir, lömb	271	pr.kg	
	Fjallalambsbirgðir VG og FO	4.119	Pr.skrokk	
	Eigin birgðir veturg+fullorðið	4.833	Pr.skrokk	
Ekki er hægt að breyta fjallalambsbirgðum í eigin birgðir eftir sláttun.				
Ath:	Innifalið í slátturkostnaði er frýsting og umsýsla ásamt 7 parta sögun.			
	Við vinnum ekki fyrir bændur fullorðið úr eigin birgðum og verður að sækja það kjöt innan 3ja.daga frá sláttun.			
Reyking				
8008	Reyking á kíló	212	pr.kg	
8007	Reyking á parti (lamb)	730	pr.stk (lamb)	
8038	Reyking á parti (vet+fullorðið)	983	pr.stk (rollur)	
Úrbeining				
8025	Úrbeining og pökkun pr.part	1037	pr.stk	
8026	Úrbeining & frágangur	305	pr.kg	
8023	Hökkun	350	kr/part	
8024	Pæklun	709	kr/part	
8026	Kryddun + pökkun+sögun	427	pr/part	
Verðlisti fyrir sláttur og skrokka				
	Heilsláttur og keppir *	1160	pr.stk	
	A & S-skrokkar *	870	pr.kg	
	A & S-skrokkar sagaðir *	970	pr.kg	
Annað				
Til athugunar fyrir innleggjendur.				
	Hægt að skipta á 4 slögum fyrir 1 rúllupylsu			
	Hægt er að skipta á einu slagi og einni kæfudós.			
	Ath. partur merkir hér læri, hryggur eða 1/2 frampartur			
	Ath. 24% vsk er á vinnu sem bætist ofan á verðin hér að ofan.			
	Ath. 11% vsk er á matvælum sem kemur ofan á verðin hér að ofan			